

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Hraunbúasjóðinn.

1. Nafn sjóðsins er Hraunbúasjóðurinn.
2. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Hafnarfirði.
3. Sjóðurinn er stofnaður 25. apríl 2006 af hjónunum Ásthildi Ólafsdóttur og Herði Zóphaníassyni. Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af 75 ára afmæli Harðar Zóphaníassonar en í minningu Rúnars Brynjólfssonar með þökk fyrir vináttu og samstarf á genginni leið og í ljósi góðra minninga úr skátastarfi hjá Hraunbúum.
4. Stofnfé sjóðsins er 4.000.000 kr. framlag frá stofnendum, hjónunum Ásthildi Ólafsdóttur og Herði Zóphaníassyni.
5. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að góðu skátastarfi í Hafnarfirði í framtíðinni, svo hafnfirsk æska eigi þess kost að njóta ævintýra og hollra uppeldisáhrifa skátalífsins, sér til þroska og manndómsauka.
6. Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Það skal ávaxtað í íslenskum ríkisverðbréfum eða með öðrum öruggum hætti hjá viðurkenndri innlánsstofnun á Íslandi, en tekjur sjóðsins notaðar til eflingar góðu skátastarfi í Hafnarfirði, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins hverju sinni.
7. Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, sem tilnefndir eru í stjórnina af eftirtöldum aðilum til fimm ára í senn:
  - a) Stjórn Skátafélagsins Hraunbúa tilnefnir einn mann
  - b) Stjórn St. Georgsgildisins í Hafnarfirði tilnefnir einn mann
  - c) Stjórn Bandalags íslenskra skáta tilnefnir einn mann
  - d) Afkomendur Rúnars Brynjólfssonar og Dóru Pétursdóttur tilnefna einn mann
  - e) Afkomendur Ásthildar Ólafsdóttur og Harðar Zóphaníassonar tilnefna einn mann

Stjórn Hraunbúasjóðsins skiptir sjálf með sér verkum í upphafi hvers starfstímabils stjórnar. Hún heldur fundi svo oft sem þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar en einu sinni á ári. Hún hefur umsjón með vörslu sjóðsins og leitast við að ávaxta hann sem best með öruggum hætti.
8. Einstaklingar, fjölskyldur, félagasamtök eða stofnanir geta eftt sjóðinn með frjálsum framlögum til minningar um látna vini eða af öðru tilefni og stuðlað þannig að öflugu skátastarfi í Hafnarfirði.
9. Allar ákvarðanir sem snerta afkomu eða fjárveitingar úr sjóðnum skulu hljóta samþykki minnst þriggja stjórnarmanna.
10. Skátafélagið Hraunbúar, svo og sveitir, flokkar eða einstaklingar innan Skátafélagsins Hraunbúa geta sótt um styrk til afmarkaðra verkefna, t. d. námskeiða og ferðalaga, tækja- og húsbúnaðarkaupa eða hvers annars sem til þess er fallið að glæða áhuga á skátastarfinu í Hafnarfirði, efla það og bæta, eða auka á fjölbreytni skátastarfsins.
11. Stjórn Hraunbúasjóðsins getur átt frumkvæði að fjárveitingu úr sjóðnum, enda sé hún í samræmi við tilgang sjóðsins.

12. Reikningar sjóðsins skulu miðast við almanaksárið. Þeir skulu vera samþykktir af meiri hluta sjóðstjórnar og vera endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal valinn sameiginlega af þeim þremur samtökum sem tilnefna stjórnarmenn, það er Skátafélaginu Hraunbúum, St. Georgsgildinu í Hafnarfirði og Bandalagi íslenskra skáta. Þau geta þó falið stjórn sjóðsins að tilnefna endurskoðanda.
13. Komi upp þær aðstæður, að sjóðstjórn telji rétt að leggja Hraunbúasjóðinn niður, verða allir stjórnarmenn að vera því samþykki og einnig því hvernig ráðstafa skuli eignum sjóðsins, en sú ráðstöfun verður að vera í samræmi við tilgang sjóðsins, það er renna með einhverjum hætti til eflingar skátastarfi í Hafnarfirði. Leggist slíkt starf af skal sjóðnum ráðstafað til skátastarfs annars staðar á Íslandi að höfðu samráði við stjórn Bandalags íslenskra skáta.
14. Breytingar á skipulagsskrá þessari verða ekki gerðar nema með einróma samþykki allra stjórnarmanna, enda hljóti breytingin staðfestingu rétttra yfirvalda.
15. Sjóðurinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. júní 2006 og skal þá hafa verið leitað staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. maí 2006.*

F. h. r.

**Hjalti Zóphóníasson.**

\_\_\_\_\_  
*Bryndís Helgadóttir.*